

25. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 01.11 2011, Végarði kl. 13.30

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Jóhann Þórhallsson, Þorvarður Ingimarsson og Lárus Heiðarsson er væntanlegur. Einnig er Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi gestur fundarins.

Oddviti setti fund og bauð Signýju velkomna undir fyrsta lið dagskrár.

Dagskrá.

- 1. Heimsókn menningarfulltrúa.**
- 2. Skýrsla oddvita.**
- 3. Framkvæmdir við Laugarfell**
 - a) Verkfundargerð 20.10
 - b) Staða umhverfisframkvæmda
 - c) Brú yfir Laugará og tilheyrandi vegagerð,
 - d) Eldhústæki í Laugarfellsskála
- 4. Samþykktir frá aðalfundi SSA 2011, til kynningar**
- 5. Skipan 1 aðalfulltrúa og 2ja varafulltrúa í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla**
- 6. Tilnefningar Fljótsdalshrepps í 2 starfsnefndir á vegum SSA**
- 7. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, framlög sveitarfélaga**
- 8. Skráning á skjölum sveitarfélagsins, í samvinnu við Héraðsskjalasafn Austfirðinga**
- 9. Endurbætur á Norðurdalsvegi, kostnaðaráætlun Vegargerðarinnar**
- 10. Fjármál**

9 mánaða staða fjárhags
Fjárhagsupplýsingar til Hagstofu 2 ársfj.
- 11. Bréf**
 - a) Helgi Hallgrímsson 19.10
 - b) Umhverfisstofnun dags. 21.10
 - c) Umhverfiráðuneytið dags. 20.10
 - d) Forsætisráðuneytið dags. 21.10
 - e) EBÍ Brunabót dags. 20.10
 - f) Agnar Sverrisson/ Skíðafélagið Stafdal, tölvupóstur dags. 24.10
- 12. Umhverfisstyrkir**

Gunnar Þórarinsson, Hjarðabóli
Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi
- 13. Fjárbeiðnir**

Skólastjóri Hallormsstaðaskóla v. Skólaþings sveitarfélaga
- 14. Fundargerðir**
 - a) Stjórn SSA 18.10
 - b) Skólaskrifstofa Austurlands 06.10
 - c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 13.10 og fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2012
 - d) Verkefna-og rannsóknarsjóður 02.05 og 10.10
 - e) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 03.10
 - f) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.10
- 15. Önnur mál**

1. Heimsókn menningarfulltrúa. Signý fjallaði m.a. um nýjan menningarsamning og nýjar úthlutunarreglur, bæði er varða úthlutanir styrkja frá Menngarráði Austurlands og ríki. Signý hefur starfað sem menningarfulltrúi sl. 10 ár í gegnum þjónustusamning við Gunnarsstofnun. Þeim samningi hefur nú verið sagt upp sem og samningi við Signýju þar sem Menngarráðið mun verða hluti af nýrri stofnun sem áætlað er að taki til starfa um næstu áramót.

Signýju þökkun koman og yfirgaf hún fundinn um kl. 14.15

2. Skýrsla oddvita.

Fulltrúi af Eignastýringarsviði Landsbankans boðaði oddvita til fundar á Egilsstöðum 6. október. Farið var yfir eignarstýringarmál og viðskiptakjör Landsbankans.

Oddviti sat fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í Reykjavík, ársfund Jöfnunarsjóðs og kynningarfund samtaka orkusveitarfélaga, í Reykjavík 12-14. október. Einnig áttu oddviti og lögmaður sveitarfélagsins fundi með fulltrúum Landsvirkjunar og Landsnets, auk fundar með lögfræðingi forsætisráðuneytisins.

Oddviti sat aukaáðalfund Markaðsstofu Austurlands, á Hallormsstað 21. október. Á fundinum var samþykkt tillaga þess efnis að stjórn Markaðsstofu var falið að vinna að sameiningu á starfsemi og rekstri stofnunarinnar við aðrar stofnanir atvinnu-menningar og menntunar á Austurlandi með það að markmiði að ný sameinuð stofnun í formi sjálfseignarstofnunar taki til starfa 1. janúar 2012.

Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúrverndarnefnda sveitarfélaga 2011, er boðaður í Mosfellsbæ 27. október.

Árleg úttekt á Brunaviðvörðunarkerfi í Végarði fór fram 12. október. Kerfið reyndist í góðu lagi. Bent var á að líftími Út-Exit ljósa væri takmarkaður og að tími kynni að vera kominn á að skipta þeim út.

Fjárlaganefnd býður sveitarfélögum eins og venja er til viðtals um fjármál sveitarfélaga. Fundardagar 14. okt og 4. nóvember. Vakinn er athygli á breyttu fyrirkomulagi á úthlutun styrkja til ýmissa félaga, samtaka/og eða einstaklinga á fjárlögum 2012 á þann veg að Alþingi tekur hvorki við umsóknum né úthlutar styrkjum til fyrrgreindra verkefna. Alþingi ákvarðar áfram umfang styrkja til einstakra málaflókka, en úthlutun þeirra flyst til ráðuneyta, lögbundinna sjóða, menngarráða landshluta eða annarra sem sjá um og bera ábyrgð á viðkomandi málaflökum. Fjárlaganefnd Alþingis mun þar af leiðandi ekki taka við umsóknum sveitarfélaga um styrki til einstakra verkefna.

Oddviti, Anna Jóna og Jóhann hittu þingmenn kjördæmisins á fundi á Hallormsstað 24. okt. Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað sameinuðust um viðtalstímamann að þessu sinni og sátu sameiginlegan fund með þingmönnum. Í byrjun fundar var kyndistöð á Hallormsstað skoðuð. Helstu mál sem rædd voru við þingmennina voru: Gunnarsstofnun og aðrar menningarstofnanir - nytjaskógrækt, kyndistöð Hallormsstað, Brettasmiðjan Bessastöðum - þátttökuleysi ríkisins í kostnaði við refaveiðar - hátt olú-bensínverð, flutningsjöfnun og

niðurgreiðslur til bænda sem hafa verið afnumdar – HSA og bygging nýs hjúkrunarheimilis á Egilsstöðum – Egilsstaðaflugvöllur og markaðssetning hans - vegamál – menningar og menntamál – Vatnajökulspjóðgarður – skattlagning orkuauðlinda og efling opinberra starfa o.fl.

Lárus mætti til fundar 15.10.

3. Framkvæmdir við Laugarfell

- a. Verfundargerð 20.10. Kynnt.
- b. Staða umhverfisframkvæmda. Grjóthleðslumenn hættu störfum fyrir 20. okt og náðu ekki að ljúka hleðslu og lagningu hellna í stíga. Til stendur að leggja þökur og færa hesthús fyrir vetur. Verklok í haust hafa því ekki verið dagsett.
- c. Eldhústæki í Laugarfellsskála. Rætt var um eldhústæki í Laugarfellsskála, þar sem komið hefur í ljós að veggofn er gallaður. Ábyrgð er ofninum. Samþykkt að í stað þess að fá samskonar ofn verði fenginn öflugri ofn og mismunur verðs greiddur af sveitarfélaginu. Þá er samþykkt að skipta út öðru helluborðinu, þannig að hægt sé að elda í stærri pottum. Áætlaður kostnaður við þetta er 150-200 þús.

Vegna tengsla við verktaka telur Þorvarður sig vanhæfan um að fjalla um dagskrárlið d. Vanhæfið var samþykkt og vék Þorvarður af fundi.

- d. Brú yfir Laugará og tilheyrandi vegagerð. Verkfræðistofa Austurlands hefur unnið tillögu að brúun Laugarár með steypu ræsi og hækkun á vegi, auk varnargarða. Kostnaðaráætlun hefur verið unnin og tveir verktakar sem hafa verið að störfum á svæðinu (Timburmenn og Ylur) hafa líst áhuga sínum á að vinna verkið nú í haust og hafa skilað inn kostnaðartölum. Talið er að verkframkvæmdin taki um 1 mánuð. Kostnaðaráætlun er kr. 10. 201. 000,- Tilboð Yls kr. 11. 056.080,- og tilboð Timburmanna kr. 9.207. 500,- Samþykkt að ræða við Timburmenn um framkvæmd verksins. Lögð verður áhersla á að ef farið verður í verkið í haust, en einhverra hluta vegna ekki hægt að ljúka því fyrr en í vor, þurfi verktaki að ábyrgjast að skilið verði þannig við að fært verði yfir Laugará í vetur. 3 millj. kr, styrkur hefur fengist til verksins en annað fjármagn til verksins verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé sveitarfélagsins. *Þorvarður kom aftur til fundar.*

4. Samþykktir frá aðalfundi SSA 2011, til kynningar. Kynnt.

5. Skipan 1 aðalfulltrúa og 2ja varafulltrúa í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla.

Margaret Johnson hefur flutt af landinu og Sigríður Björnsdóttir hefur óskað eftir því hætta í skólanefnd. Sveitarstjórn þakkar þeim vel unnin störf. Hallgrímur Þórhallsson skipaðaður aðalmaður í skólanefnd, Lárus Heiðarsson fyrsti varamaður og annar varamaður Anna Halldóra Ragnarsdóttir.

6. Tilnefningar Fljótsdalshrepps í 2 starfsnefndir á vegum SSA. Samþykkt að skipa Jóhann Þórhallsson fulltrúa sveitarfélagsins í samgöngunefnd og til vara verður Gunnþórunn. Samþykkt að skipa Gunnþórunni Ingólfsdóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í Austfirsk eining, og til vara verður Jóhann Þórhallsson.

7. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, framlög sveitarfélaga. Samþykkt að við gerð fjárhagsáætlunar 2012 verði áfram gert ráð fyrir framlögum í sjóðinn.

8. Skráning á skjölum sveitarfélagsins, í samvinnu við Héraðsskjalasafn Austfirðinga.
Frestað.

9. Endurbætur á Norðurdalsvegi, kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Kynnt og vísað til umræðu um fjárhagsáætlun næsta árs. Oddvita falið að óska eftir að Vegagerðin kostnaðarmeti endurbætur á vegi frá Gilsá og inn að Hrafnkelsstöðum.

10. Fjármál.

9 mánaða staða fjárhags. Kynnt.

Fjárhagsupplýsingar til Hagstofu 2 ársfj. Kynnt.

Samþykktur kostnaður vegna veitinga við óvissuferð í tengslum við aðalfund SSA og móttöku menningarráðsfulltrúa Norður- og Austurlands samtals 172.269- kr.

11.Bréf

- a. Helgi Hallgrímsson 19.10. Erindi er m.a. varðar útgáfu Fljótsdalsbæklingsins „Fljótsdalsgrund“. Samþykkt að endurútgefa bæklinginn í 500 eintökum. Helgi vinnur áfram að undirbúningi við útgáfu Fljótsdalsbókarinnar, náttúru- og byggðasögu Fljótsdals.
- b. Umhverfisstofnun dags. 21.10. Ósk um tilnefningu í vatnasvæðanefnd. Samþykkt að Lárus Heiðarson verði tilnefndur í nefndina. Sveitarstjórn mótmælir því sem kemur fram í erindi Umhverfisstofnunar um að tilnefningaraðilar beri kostnað af setu fulltrúa í nefndinni og telur eðlilegt að Umhverfisstofnun beri þann kostnað að fullu.
- c. Umhverfisráðuneytið dags. 20.10. Varðar breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Athugasemdafestur er til 09.11.
- d. Forsætisráðuneytið dags. 21.10. Varðar byggingarleyfi fyrir framkvæmdum í Fjallaskarði. Fljótsdalshérað frestaði 10.11 2010 að afgreiða byggingarleyfisumsókn Fljótsdalshrepps, þar til samþykki Forsætisráðuneytisins vegna framkvæmda í þjóðlendum lægi fyrir. Í bréfi Forsætisráðuneytisins kemur fram að það muni ekki af sinni hálfu mótmæla útgáfu byggingarleyfis fyrir fjallaskála og niðurrifi annara bygginga á svæðinu, enda sé slíkt í samræmi við gildandi skipulag á svæðinu. Sveitarstjórn mun óska eftir að Fljótsdalshérað taki umsóknina fyrir að nýju til afgreiðslu.
- e. EBÍ Brunabót dags. 20.10. Ekki verðu greiddur út ágóðahlutur vegna 2011.
- f. Agnar Sverrisson/ Skíðafélagið Stafdal, tölvupóstur dags. 24.10. Fyrirspurn um það hvort Fljótsdalshreppur hafi áhuga á að koma að rekstri skíðasvæðisins í Stafdal. Svo er ekki.

12.Umhverfisstyrkir

Gunnar Þórarinnsson, Hjarðabóli. Samþykkt hámarksstyrkur

Þorvarður vék af fundi

Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.

Þorvarður kom aftur á fund

13.Fjárbeiðnir

Skólastjóri Hallormsstaðaskóla v. Skólapingu sveitarfélaga. Samþykktur styrkur til skólastjórar vegna ferðar á Skólaping, að upphæð 30.000 kr.

14. Fundargerðir

- a) Stjórn SSA 18.10. Kynnt.
- b) Skólaskrifstofa Austurlands 06.10. Kynnt.
- c) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 13.10 og fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2012 Fundargerð og fjárhagsáætlun kynnt. Sveitarstjórn mótmælir harðlega að ekki sé haft samráð við oddvita Fljótsdalshrepps við gerð fjárhagsáætlunar skólans eins og skýrt er tekið fram í samningi um skólann. Sveitarstjórn er mjög ósátt við að samráð sé ekki haft nú, þrátt fyrir bókun sveitarstjórnar um sama efni á síðasta ári, þar sem því var mótmælt að ákvæði um samráð við gerð fjárhagsáætlunar skólans var ekki virt.
- d) Verkefna- og rannsóknarsjóður 02.05 og 10.10. Á fundi stjórnar 02.05 var fjallað um styrkumsóknir og stjórn sjóðsins samþykkti umsókn frá Agli Gunnarssyni vegna verkefnis um áhrif og samspil sáðmagns og áburðarmagns á strástyrk, kornþroska og uppskeru í byggi. Þar sem aðeins 1 umsókn barst, var ákveðið að auglýsa eftir styrkumsóknum í haust. Á fundi 10.10 var fjallað um 4 umsóknir og Helga Elí Hálfánarsyni var veittur styrkur vegna verkefnis „staða nýliðunar í landbúnaði“.
- e) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 03.10. Kynnt.
- f) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 26.10. Kynnt.

15. Önnur mál. Sveitarstjórn hefur borist umsögn búfjárefirtirlitsmanns dags.1. nóvember 2011 vegna búfjárhalds á bæ einum í sveitinni. Fram kemur í umsögninni að úrbóta er þörf í fjárhúsum þannig að aðbúnaður fjár geti talist í lagi. Framkvæmdir við að bæta þar úr eru þegar hafnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 20:10.

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)